

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

4. fundur

Mánudaginn 1. október kl. 11.30 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómasson, Karólína Helga Símonardóttir, Þormóður Sveinsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Lúðvík Geirsson. Gylfi Ingvarsson boðaði forföll.

- 1) Guðrún og Þormóður lögðu fram drög að samstarfsramma og verkbeiðni vegna rammaskipulagsvinnu á Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði við arkitektastofurnar JVANTSPIJKER í Rotterdam og KJELLGREN KAMAINSKY ARKITEKTUR í Gautaborg og fóru yfir tillögur sínar að samstarfi þessara aðila með skipulags- og hafnaryfirvöldum.
- 2) Farið yfir nánari útfærslur og tímaramma, kostnaðarþætti og annað sem þarf að horfa sérstaklega til í slíku samkomulagi. Áhersla lögð á að festa niður alla lykilþætti, tímarammi verði fram til 1. maí á sl. ári og vel skilgreint allt fyrirkomulag um samstarf aðila, kynningarþátt og kostnaðarliði. Einnig rætt um að í skipulagsvinnu verði sérstök áhersla lögð á umferðartengingar á skipulagssvæðinu.
- 3) Samþykkt að Guðrún og Þormóður gangi til viðræðna við áðurnefndar arkitektastofur á þeim forsendum sem ræddar voru á fundinum og stefnt verði að því að niðurstöður úr þeim viðræðum geti legið fyrir innan hálf mánaðar. Endanleg drög að samningi verði þá lögð fyrir samráðsnefndina.
- 4) Næsti fundur boðaður mánudaginn 15. október kl. 15.00 á hafnarskrifstofunni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30
LG ritaði fundargerð